

Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Laugavegi 13, 4. hæð, þriðjudaginn 14. júní 2016 og hófst kl. 14.30. Fundinn sátu: Guðrún Kvaran formaður, Ármann Jakobsson varaformaður, Hilmar Hilmarsson og Þröstur Helgason. Steinunn Stefánsdóttir mætti ekki. Jóhannes B. Sigtryggsson frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1. Ályktun Íslenskrar málnefndar – undirbúningur

Sjá fg. ÍM 1/2016, 1. lið. Ármann tók að sér að semja drög að ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2016 og senda þau til stjórnar ÍM fyrir næsta fund hennar 13. september. Til hliðsjónar verður þingsályktunartillaga Ragnheiðar Ríkharðsdóttur um varðveislu íslenskrar menningararfleifðar á stafrænu formi frá árinu 2011 (<http://www.althingi.is/altext/140/s/0118.html>) og umræður á fundi ÍM 7. júní 2016.

Hilmar sagði að áréttu þyrfti, eins og kom fram á fundi ÍM fyrir viku, að MA-nám í máltækni hér á landi væri í hættu.

Þröstur spurði hvort ætlunin væri að stefna að því að koma öllum textum, sem ekki eru í höfundarrétti, fyrir í fyrirhuguðu stafrænu textasafni. Ármann sagði gott að stefna að því og einnig að semja við höfundarréttarhafa um birtingu þar sem það væri unnt.

2. Málræktarþing í nóvember

Ármann og ritari hyggjast bráðlega senda skeyti til fyrirlesara á væntanlegu málræktarþingi í nóvember með nánari upplýsingum, m.a. um tímalengd og stað þeirra í dagskránni. Þröstur verður fundarstjóri á þinginu.

3. Samstarf við Mjólkursamsöluna

Formaður sagði að Mjólkursamsalan hefði reynst Íslenskri málnefnd ótrúlega vel og huga þyrfti að því að efla enn frekar samstarfið. Stefnt er að því að formaður og ritari ræði bráðlega við MS um samstarf og stuðning við væntanlegt málræktarþing.

4. Önnur mál.

a) Málstefna HÍ

Formaður hyggst skrifa bréf til rektors HÍ þar sem skólanum verður hrósað fyrir nýja málstefnu (sjá http://www.hi.is/adalvefur/malstefna_haskola_islands).

b) Isavia

Formaður sendi bréf til Björns Óla Haukssonar forstjóra Isavia 29. apríl 2016 (sjá Mál til bókunar hér fyrir aftan). Ekki barst svarbréf frá honum. Ákveðið var að sent yrði bréf til innanríkisráðherra með samskeyti til Björns þar sem greint yrði frá því að bréf hefði verið sent

til Isavia um merkingar á skiltum sem brytu í bág við lög um íslenska tungu og sagt að Íslensk málnefnd væri reiðubúin að þinga með ráðherra um málið.

Mál til bóknar

Formaður sendi bréf 29. apríl 2016 til Birkis Hólms Guðnasonar, framkvæmdastjóra Icelandair og gagnrýndi að í flugvélum Icelandair í alþjóðaflugi væru matseðlar og ýmsar aðrar upplýsingar í sætisvasa eingöngu á ensku. Í bréfinu segir: „Málnefndin er þeirra skoðunar að Icelandair taki hvorki tillit til íslenskrar málstefnu né laga um íslenska tungu um borð í vélum sínum og sýni íslenskum farþegum þar með litla virðingu. Þó má segja félaginu til hróss að áhöfn ávarpar enn farþega fyrst á íslensku í tilkynningum sínum.“

Formaður sendi bréf til Björns Óla Haukssonar forstjóra Isavia 29. apríl 2016 (sjá einnig fg. stj. ÍM 3/2016, Mál til bóknar). Gagnrýndar voru nýjar merkingar á Keflavíkurflugvelli þar sem áhersla er lögð á enska tungu en íslenska er í öðru sæti eða alls ekki sjáanleg. Í bréfinu stendur m.a.: „Íslendingar líta á Keflavíkurflugvöll sem íslenskan flugvöll, eins og reyndar alla flugvelli landsins, og því á íslensk tunga að vera þar í hávegum höfð en ekki meðhöndluð sem annars flokks tungumáls. Málnefndin er þeirrar skoðunar að Isavia taki hvorki tillit til íslenskrar málstefnu né laga um íslenska tungu og beinir því til ráðamanna Isavia að þar verði breyting á.“

Hvorki hafði borist svarbréf frá Icelandair né Isavia 14. júní við þessum bréfum.

Fundi lauk kl. 15.20

Guðrún Kvaran
sign.

Jóhannes B. Sigtryggsson
sign.